

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Neðra-Berg, L235223, skilmálabreyting.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Neðra-Bergs, L235223, í landi Bergsstaða. Í breytingunni felst m.a. að heimilt verði að reisa frístundahús, aukahús allt að 40 m² og geymslu allt að 15 m² innan hvers byggingarreits. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0,03 og teljast allar þessar byggingar með í heildarbyggingarmagni lóðar.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. janúar 2026.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. mars 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 25. mars 2026